



Í Hallgrímskirkju um jól og nýár:

Aðfangadagur 24. desember kl. 23:30: Guðspjónusta á jólanótt

Jóladagur 25. desember kl. 14:00: Hátíðarguðspjónusta

Annar í jólum 26. desember kl. 11:00: Helgistund

Annar í jólum 26. desember kl. 17:00: Orgeltónleikar

Sunnudagur. 29. desember kl. 11:00: Guðspjónusta

Gamlársdagur 31. desember kl. 16:00: Hátíðarhljómar við áramót

Gamlársdagur 31. desember kl. 18:00: Aftansöngur

Nýársdagur 1. janúar 2022 kl. 14:00: Hátíðarguðspjónusta

Miðasala fer fram í Hallgrímskirkju og á tix.is

Nánari upplýsingar á:
hallgrimskirkja.is

HALLGRÍMSKIRKJA



Aðfangadagskvöld 2024 *Aftansöngur kl. 18*

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari

María Elísabet Halldórsdóttir les jólaguðspjallið

Kór Hallgrímskirkju syngur | Stjórnandi: Steinar Logi Helgason

Einsöngur: Sólbjörg Björnsdóttir | Flautuleikari: Björg Brjánsdóttir

Slagverksleikari: Sólvi Rögnvaldsson

Organisti er Björn Steinar Sólbergsson sem einnig leikur
jólátónlist á undan athöfn

Forspil

Pastorale yfir 'Nóttin var sú ágæt ein'

Hrafnkell Orri Egilsson

Ávarp

Sálmur

kórinn syngur fyrstu tvö versin

Nótt - in var sú á - gæt ein, í allr - i ver - öld ljós - ið skein, —
það er nú heims - ins þraut - ar - mein að þekkja' hann ei — sem bær - i. Með
vís - a - söng ég vögg - un - a þín - a hrær - i. — Með i. —

2

Í Betlehem var það barnið fætt
sem best hefur andar sárin grætt,
svo hafa englar um það rætt
sem endurlausnarinn væri.

:: Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri. ::

3

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,
þeir fundu bæði Guð og mann,
í lágan stall var lagður hann
þó lausnarinn heimsins væri.

:: Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri. ::

4

Lofið og dýrð á himnum hátt
honum með englum syngjum þrátt,
friður á jörðu' og fengin sátt,
fagni því menn sem bæri.

:: Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri. ::

Einar Sigurðsson í Heydólum



Gleðileg jóla!

Sálmur

Heims um ból helg er - u jól, sign - uð mær
son Guðs ól, frels - un mann-ann-a, frels - is - ins lind,
frum-glæð-i ljóss- ins, en gjörv- öll mann-kind mein-vill í myrkr-un-um
lá, mein - vill í myrkr - un - um lá.

2
Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
∴ konungur lífs vors og ljóss. ∴

Sveinbjörn Egilsson

3
Heyra má himnum í frá
englasöng: „Allelújá.“
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna sem tilreiðir sér
∴ samastað syninum hjá. ∴

Eftirspil

Final úr orgelsinfóníu nr. 2 í D-dúr

Charles-Marie Widor

Introitus og dýrðarsöngur

Prestur: *Sú þjóð, er í myrkri gengur, sér mikið ljós.*

Söfnuður: *Og þeim er búa í náttmyrkranna landi ljómar fögur birta.*

Prestur: *Dýrð sé Guði!*

Söfnuður: *Dýrð sé Guði, föður, syni og heilögum anda, svo sem hún var frá upphafi er enn og verða mun um aldir alda. Amen.*

Kollekta

Prestur: *Drottinn sé með yður.*

Söfnuður: *Og með þínum anda.*

Prestur: *Látum oss biðja ... um aldir alda.*

Söfnuður: *Amen*

Lexía

Míka 5. 1-4 a

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Allir: *Guði sé þakkargjörð*

Pistill

Tít 2. 11-14

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Allir: *Dýrð sé þér Drottinn.*

Kórsöngur

Immanúel oss í nátt

úr Hymnodia Sacra — Þorkell Sigurbjörnsson

Guðspjall


Prestur: *Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn Lúkas. 2.1–14*

Allir: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.

Allir: Lof sé þér, Kristur.

Sálmur



Í Bet-le-hem er barn_oss_ fætt, barn_oss_ fætt. Því
fagn-i gjörv-öll_ Ad-ams ætt. Hal-le-lú-ja, hal-
le-lú-ja.

2
Það barn oss fæddi ;: fátæk mæð. ;:
Hann er þó dýrðar Drottinn skær.
Hallelúja, hallelúja.

4
Hann vegsömuðu ;: vitringar, ;:
hann tigna himins herskarar.
Hallelúja, hallelúja.

6
Vér undir tókum ;: englasöng ;:
og nú finnst oss ei nóttin löng.
Hallelúja, hallelúja.

8
Hvert fátækt hreysi ;: höll nú er ;:
því Guð er sjálfur gestur hér.
Hallelúja, hallelúja.

3
Hann var í jötu ;: lagður lágt ;:
en ríkir þó á himnum hátt.
Hallelúja, hallelúja.

5
Þeir boða frelsi' og ;: frið á jörð ;:
og blessun Drottins barnahjörð.
Hallelúja, hallelúja.

7
Vér fögnum komu ;: frelsarans, ;:
vér erum systkin orðin hans.
Hallelúja, hallelúja.

9
Í myrkrum ljómar ;: lífsins sól. ;:
þér, Guð, sé lof fyrir gleðileg jól.
Hallelúja, hallelúja.

Latn. sálmur frá 14. öld — Valdimar Briem

Prédikun

Stólvers

Barn í Betlehem

Þjóðlag frá Mön í úts. Kevin Kelly

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson þýddi úr gelísku.

Bæn og faðir vor

Exitus

Prestur: *Að kveldi dags skuluð þér vita að Drottinn kemur.*

Allir: Og að morgni skuluð þér sjá dýrðina Drottins.

Prestur: *Lát mína bæn vera flutta fram fyrir þig sem reykelsi.*

Allir: Og upplyfting minna handa sem kveldfórn.

Prestur: *Ónd mín lofar Drottin og minn andi gleður sig í
Guði frelsara vorum.*

Allir: Hallelúja, hallelúja, hallelúja.

Blessun

Prestur: *Þökkum Drottni og vegsömum hann.*

Allir: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

Prestur: *Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið.*

Allir: Amen, amen, amen.